



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/2152
komudagur 2.5.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanevnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. maí 2011 R2011040016
T-ums 19/11


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um skattlagningu á kolvetnisvinnslu
- 702. mál.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 15. apríl 2011 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Frumvarpið hefur að geyma tillögu til heildarlaga um skattlagningu kolvetnisvinnslu. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að næstkomandi haust fari fram útboð á leyfum til leitar, rannsóknar og vinnslu kolvetnis á svokölluðu Drekasvæði og að frumvarpið sé lagt fram í tengslum við það útboð. Jafnframt kemur fram að í tengslum við þetta útboð hafi iðnaðarráðherra lagt fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis. Þær breytingar sem lagðar eru til í því frumvarpi kalli á nokkuð veigamiklar kerfisbreytingar á núgildandi lögum um skattlagningu kolvetnisvinnslu og tekur það frumvarp sem hér er til umsagnar mið af því. Ennfremur kemur fram í athugasemdum að frumvarpið sé í samræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um skattlagningu kolvetnisvinnslu.

Sérfræðingar frá ríkisskattstjóra voru hluti af sérstökum sérfræðingahópi sem vann að undirbúningi frumvarpsins og það er skoðun ríkisskattstjóra að ekki sé ástæða til að gera athugasemdi við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir